



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 4/2014

um aðskilnað starfssviða

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

28. maí 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Gildissvið.....	3
2. Aðskilnaður milli starfssviða	4
3. Rekstrarfélög verðbréfasjóða.....	7
4. Regluvarsla	8

Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um aðskilnað starfssviða með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilmælin eru sett til leiðbeiningar og nánari skýringar fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða og önnur fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta varðandi þær lágmarkskröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi hagsmunaárekstra, nánar tiltekið aðskilnað starfssviða (kínamúra). Ekki er þó um tæmandi umfjöllun að ræða. Tilmælin geta orðið grundvöllur krafna Fjármálaeftirlitsins um úrbætur með vísan til sérlaga um starfsleyfisskylda starfsemi og laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilmælin byggja á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2001, um efni reglna fjármálafyrirtækja skv. 15., 20. og 23. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, sem fallin eru úr gildi, auk þess sem tillit er tekið til þeirrar reynslu sem nú er komin á 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) og ákvæða 4. þáttar II. kafla reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Við innleiðingu MiFID tilskipunar 2004/39/EB¹ og framkvæmdartilskipunar 2006/73/EB² í lög um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 995/2007 féllu úr gildi leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001, sem m.a. fjölluðu um aðskilnað starfssviða. Við innleiðinguna var farin sú leið að telja upp þau lágmarksskilyrði í reglugerðina, sem stefnur um hagsmunaárekstra skyldu uppfylla, en nánari útfærsla látin í hendur fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Þessu fylgdi aukin ábyrgð og auknar skyldur fyrir fjármálafyrirtæki til að hafa eftirlit með eigin stefnum og reglum sem og reglulegri endurskoðun og uppfærslu þeirra.

Þrátt fyrir að útfærsla á stefnum og reglum um hagsmunaárekstra sé í höndum fjármálafyrirtækja sjálfra er það álit Fjármálaeftirlitsins að hætta sé á hagsmunaárekstrum á milli ákveðinna starfssviða sem kalli á aðskilnað þeirra eins og kemur fram í tilmælum þessum. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að tilmælin eru til leiðbeiningar og nánari skýringar og því þarf ef til vill að gera strangari kröfur í einstaka tilvikum til að markmið 8. gr. vvl. og 4. þáttar II. kafla reglugerðar nr. 995/2007 um hagsmunaárekstra nái fram að ganga. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að fjármálafyrirtæki sem telur ekki hættu á hagsmunaárekstrum og/eða ekki þörf á aðskilnaði starfssviða beri sönnunarbyrðina fyrir því.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun Ráðsins 93/22/EBE.

² Tilskipun Framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun.

Leiðbeinandi tilmæli um aðskilnað starfssviða

1. Gildissvið

1.1. Í 8. gr. vvl. eru ákvæði 3. mgr. 13. gr. og 18. gr. MiFID-tilskipunarinnar um hagsmunaárekstra og aðskilnað starfssviða tekin upp í íslenskan rétt. Í ákvæðinu er ekki notast við hugtakið „kínamúrar“ líkt og gert var í eldri lögum um verðbréfavíðskipti og almennt er notað í daglegu tali um aðskilnað starfssviða. Ákvæðið hljóðar svo:

Fjármálafyrirtæki skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess.

Fjármálafyrirtæki skal greina hagsmunaárekstra:

1. milli fyrirtækisins sjálfs annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yfirráðum þess, og viðskiptavina þess hins vegar og
2. milli viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis.

Þar sem ráðstafanir skv. 1. mgr. veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt skal fjármálafyrirtæki upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta er stofnað milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinarins.

1.2. Í athugasemdum við frumvarp það er síðar varð að lögum nr. 108/2007 kemur fram um 1. mgr. 8. gr. vvl. að fjármálafyrirtæki skuli setja sér reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Ráðstafanir þessar eigi að taka mið af stærð og eðli starfseminnar. Koma skuli í veg fyrir að upplýsingar berist á milli starfsmanna innan fyrirtækisins þannig að hætta sé á að hagsmunir viðskiptavina skaðist. Fjarlægja skuli tengingar milli þóknana sem skapað geta hagsmunaárekstra og að koma skuli í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem fjármálafyrirtækið veitir. Ef ráðstafanir þessar eru ekki nægar til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina, skuli gripið til annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru í þeim tilgangi.

1.3. Um 2. mgr. 8. gr. vvl. segir í athugasemdum við frumvarpið að hagsmunir fjármálafyrirtækis og aðila sem tengjast því geti skarast með ýmsum hætti við hagsmuni viðskiptavina:

- Fjármálafyrirtæki eða aðilar sem tengjast því geta t.d. hlotið ávinning eða komist hjá tapi á kostnað viðskiptavinar.
- Fjármálafyrirtæki eða aðilar sem tengjast því geta haft aðra hagsmuni af útkomu verðbréfavíðskipta en viðskiptavinurinn.
- Fjármálafyrirtæki eða aðilar sem tengjast því geta haft hagsmuni af því að hygla einum viðskiptavini á kostnað annars.
- Fjármálafyrirtæki eða aðilar sem tengjast því geta rekið sömu starfsemi og viðskiptavinur.
- Þá getur fjármálafyrirtæki eða aðilar tengdir því fengið þóknun frá öðrum en viðskiptavini í tengslum við þjónustu fjármálafyrirtækis.

Í athugasemdunum kemur fram að fjármálafyrirtæki beri að greina allar framangreindar tegundir hagsmunaárekstra.

- 1.4. Þá er greint frá því í athugasemdum um 3. mgr. 8. gr. vvl. í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um að tilkynning samkvæmt ákvæðinu skuli send á varanlegum miðli og skuli innihalda nægjanlegar upplýsingar með tilliti til viðskiptavinar svo hann geti tekið afstöðu til verðbréfavíðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrunum.
- 1.5. Nánar er kveðið á um hagsmunaárekstra og varnir gegn þeim í 4. þætti II. kafla reglugerðar nr. 995/2007. Líkt og fram kemur í 5. gr. reglugerðarinnar ber yfirstjórn fjármálafyrirtækis ábyrgð á að skyldur þess samkvæmt lögum og reglum séu uppfylltar. Í 20. gr. reglugerðarinnar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli setja sér skriflega stefnu um hagsmunaárekstra sem tekur mið af stærð og skipulagi fjármálafyrirtækis og eðli og umfangi rekstrarins. Stefnan skal innihalda áform um greiningu hagsmunaárekstra og hvernig draga eigi úr hættu á að þeir skaði hagsmuni viðskiptavina fjármálafyrirtækis. Stefnan er ekki háð staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og því eiga fjármálafyrirtæki sjálf að hafa eftirlit með framkvæmd stefnunnar sem og endurskoðun og uppfærslu hennar.

2. Aðskilnaður milli starfssviða

- 2.1. Í inngangsorðum framkvæmdartilskipunar 2006/73/EB kemur fram að við mótun stefnu um hagsmunaárekstra skuli hafa greiningardeildir, ráðgjöf, eigin viðskipti, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf sérstaklega í huga varðandi aðskilnað starfssviða. Ástæðan er sú að þessi svið vinna öll með viðkvæmar upplýsingar.
- 2.2. Með aðskilnaði starfssviða í þessum tilmælum er átt við að þörf er á áþreifanlegum aðskilnaði í húsnæði (aðgangstakmörkun). Með aðskilnaði starfssviða er jafnframt átt við að svið eða deildir séu aðskilin í stjórnun, afkomu, upplýsingakerfum og með reglum um samskipti milli sviða. Aðskilnaði skal haga á þann veg að starfsmenn hvers sviðs um sig fái ekki án fyrirhafnar vitneskju um einstök verkefni starfsmanna annarra sviða. Ennfremur skal aðgangur að upplýsingakerfum vera aðgangsstýrður.

Markmið aðskilnaðar starfssviða er að koma í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist á milli einstakra sviða eða deilda fjármálafyrirtækis og að trúnaðarupplýsingar berist ekki til þriðja aðila. Með aðskilnaði starfssviða er dregið úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála. Fjármálafyrirtæki skulu setja sér stefnu eða reglur sem fela bæði í sér áþreifanlegan aðskilnað, til að mynda aðgangstakmarkanir í húsnæði, aðskilnað í tölvukerfum og aðgangstakmörkun gagna, og hegðunartengdan aðskilnað, s.s. merkja viðkvæm skjöl „trúnaðargögn“ og læsa tölvum þegar farið er frá þeim.

- 2.3. Gerð er krafa um að fjármálafyrirtæki gæti fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum. Fjármálafyrirtæki ber því að sýna fram á að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum með skýrum aðskilnaði milli einstakra starfssviða.

Aðskilnaðurinn er mikilvægt tæki til að viðhalda trúverðugleika fjármálafyrirtækja og því er nauðsynlegt að vandað sé til hans og honum fylgt eftir með öflugri kynningu og eftirliti. Þegar aðstæður eru með þeim hætti að hætta er á hagsmunaárekstrum milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar, ber fjármálafyrirtæki að hafa hagsmuni viðskiptavinar að leiðarljósi. Starfsmönnum ber ávallt að gæta fyllstu óhlutdrægni í störfum sínum. Ef ekki er til staðar fullnægjandi aðskilnaður starfssviða getur það haft áhrif á hvort fjármálafyrirtæki geti nýtt starfsheimildir sínar til fulls.

- 2.4. Fjármálafyrirtæki ber að aðgreina viðskipti fyrir eigin reikning, miðlun, eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf, greiningardeild (sem gefur út opinberlega skýrslur um fjármálagerninga) og önnur svið eftir því sem starfsemi þess gefur tilefni til. Skýr aðskilnaður skal vera á milli verðbréfabjónustu og annarrar starfsemi fjármálafyrirtækis. Aðgangstakmarkanir hvað varðar húsnæði og upplýsingakerfi skulu rýndar með reglubundnum hætti til að tryggja áreiðanleika og virkni þeirra.

Fjármálafyrirtæki þarf sjálft að móta þann hluta stefnu um hagsmunaárekstra sem fjallar um aðskilnað starfssviða í samræmi við starfsemi þess. Í stefnunni/reglunum þarf að gera grein fyrir skipulagi sviða sem sinna þjónustu sem fellur undir verðbréfabjónustu og hvaða svið eða starfsemi eru aðskilin og hvernig.

- 2.5. Sami stjórnandi skal ekki fara með daglega stjórn starfssviða þar sem þörf er á nauðsynlegum aðskilnaði. Ákveðnir stjórnendur geta þó haft yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna sviða/deilda.³ Þeir sem hafa slíka yfirsýn verða því að sýna sérstaka aðgát í störfum sínum. Þeir eru eftir sem áður háðir sömu takmörkunum og höftum og þeir sem starfa innan sviða varðandi notkun þeirra upplýsinga sem þeir fá aðgang að af þeim sökum. Því geta þessir stjórnendur undir ákveðnum kringumstæðum orðið vanhæfir til að koma að úrlausn eða ákvarðanatöku einstakra mála. Þá þarf að gæta sérstaklega að því hvernig afleysingum er sinnt.

- 2.6. Á eftirfarandi skýringarmynd er gert ráð fyrir aðskilnaði milli eigin viðskipta, miðlunar, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og greiningardeildar. Hafa þarf þó í huga að kröfur um aðskilnað leiða af eðli og áherslum viðkomandi fjármálafyrirtækis og því getur verið þörf á frekari aðskilnaði innan fjármálafyrirtækis en leiða má af skýringarmyndinni.

Komið getur til þess að innan sama starfssviðs sé starfsemi sem fellur undir fleiri en eina starfsheimild/svið án þess að til aðskilnaðar komi. Dæmi um slíka starfsemi er fjárfestingarráðgjöf sem getur verið staðsett í skipuriti með eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf eða miðlun. Við slíkar aðstæður skal fjármálafyrirtæki grípa til viðeigandi ráðstafana vegna hættu á hagsmunaárekstrum meti það aðstæður svo að ekki sé þörf á aðskilnaði. Bent er á að telji fjármálafyrirtæki ekki hættu á hagsmunaárekstrum ber það sönnunarbyrðina fyrir því.

³ Til að mynda geta slíkir stjórnendur verið æðstu stjórnendur fjármálafyrirtækja (bankastjóri, forstjóri), sem og yfirstjórnendur deildaskiptra sviða þar sem fleiri en eitt starfssvið/deild kallar á aðskilnað og sérstakan stjórnanda.

Eignastýring	Fyrirtækjaráðgjöf	Miðlun
Viðskipti fyrir eigin reikning	Greiningardeild	

2.7. Stefna um hagsmunaárekstra þarf að taka til þess hvernig samskiptum milli starfssviða er háttað. Til fyllingar stefnunnar er æskilegt að fjármálafyrirtæki setji sér viðtækar reglur sem sniðnar eru að eðli starfseminnar og skipulagi, t.d. öryggisreglur um vörslu gagna í læstum hirslum, meðferð tölvulykilorða, upplýsingamiðlun í nefndum og ráðum o.s.frv.

Tryggja þarf að viðkvæmar upplýsingar berist ekki milli aðskilinna starfssviða og að starfsmenn veiti ekki með neinum hætti upplýsingar um verkefni og gagnabrunna utan hvers starfssviðs.

Í stefnunnar þarf sérstaklega að gera grein fyrir aðgangstakmörkunum starfsmanna. Mikilvægt er að starfsmenn starfi innan skilgreindra starfssviða og að starfsmannafjöldi sé nægur til að mögulegt sé að leysa af í forföllum. Almenn verður ekki talið ásættanlegt að einn starfsmaður sé í hverri einingu. Sé óhjákvæmilegt að nýta starfsmann utan skilgreinds starfssviðs viðkomandi þarf að stýra hættu á hagsmunaárekstrum og draga úr hættu á misnotkun trúnaðarupplýsinga. Beita ber slíkri heimild af mikilli varfærni.

2.8. Samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ber að halda skrá yfir þjónustu/starfsemi þar sem skapast hafa hagsmunaárekstrar sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, eða muni skaðast. Þetta getur t.d. komið upp þegar starfsmaður er fluttur milli starfssviða (a.m.k. í einhvern tíma eftir flutninginn) og er æskilegt að skrá slík tilvik í samskiptaskrá regluvarðar, sbr. umfjöllun í kafla 4. Hætta á hagsmunaárekstrum getur líka komið upp þegar starfsmaður vinnur verkefni tímabundið utan síns starfssviðs en þá þarf að halda skrá yfir slík undantekningartilvik til að gera regluverði kleift að hafa eftirlit með því. Í skránni skal gerð grein fyrir viðkomandi verkefnum, hver sinni þeim, hvenær þau eru unnin og hvaða ráðstafanir voru gerðar til að stýra hættu á hagsmunaárekstrum.

3. Rekstrarfélög verðbréfasjóða

- 3.1. Almennt gilda sömu sjónarmið um rekstrarfélög verðbréfasjóða og um önnur fjármálafyrirtæki sem þessi tilmæli fjalla um. Í því sambandi má nefna að gefin hefur verið út framkvæmdartilskipun 2010/43/EB um efni tilskipunar 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS IV) varðandi skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu o.fl. Framkvæmdartilskipunin er nánast hliðstæð fyrrnefndri framkvæmdartilskipun 2006/73/EB, sem fylgdi í kjölfar MiFID, enda er markmið hennar að samræma þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja hvað varðar framangreind atriði. Þó ber að taka tillit til umfangs starfsemi rekstrarfélaga sem og starfsheimilda þeirra.⁴
- 3.2. Starfsheimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er einnig heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki:
- eignastýringu
 - fjárfestingarráðgjöf
 - vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu
- 3.3. Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ber að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum og gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að draga úr hættu á að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni verðbréfasjóðs eða viðskiptavina þess. Með viðskiptavinum er hér átt við þá aðila sem rekstrarfélag verðbréfasjóða veitir þjónustu á grundvelli viðbótarstarfsheimilda sinna. Þá skal rekstrarfélag ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Rekstrarfélag skal greina hagsmunaárekstra:

- milli rekstrarfélagsins og viðskiptavina þess
 - milli viðskiptavina þess innbyrðis
 - milli viðskiptavinar þess og verðbréfasjóðs
 - milli tveggja verðbréfasjóða
- 3.4. Rekstrarfélag með heimildir til eignastýringar skal leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Skýrist þessi krafa af ákvæði 8. gr. vfl. þess efnis að viðskiptavinir séu upplýstir um hagsmunaárekstra áður en til viðskipta er stofnað þegar ekki er hægt að veita fullnægjandi vissu fyrir því að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- 3.5. Rekstrarfélög skulu koma á, framkvæma og viðhalda skilvirkri stefnu um hagsmunaárekstra og mæla fyrir um sérstakar reglur til að draga úr hættu á

⁴ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/EB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.

hagsmunaárekstrum og þá sérstaklega þegar félagið hefur heimild til eignastýringar ásamt sjóðastýringu.

- 3.6. Stefnan skal sett fram skriflega með tilliti til stærðar og skipulags rekstrarfélagsins og eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi þess er. Ef rekstrarfélagið er aðili að samstæðu verður stefnan einnig að taka tillit til hvers konar aðstæðna sem félaginu er, eða ætti að vera, kunnugt um, sem gætu leitt til hagsmunaárekstra vegna skipulags og starfsemi annarra aðila að samstæðunni.
- 3.7. Sinni rekstrarfélag annarri starfsemi til viðbótar við rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu er gert ráð fyrir aðskilnaði milli sjóðastýringar annars vegar og eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar hins vegar.

Komið getur til þess að innan sama starfssviðs sé starfsemi sem fellur undir fleiri en eina starfsheimild/svið án þess að til aðskilnaðar komi. Fjárfestingarráðgjöf getur því verið staðsett í skipuriti með eignastýringu, þó að sjóðastýring og eignastýring geti ekki verið innan sama starfssviðs. Í þeim tilvikum þegar fjárfestingarráðgjöf og eignastýring eru innan sama starfssviðs skal rekstrarfélag grípa til viðeigandi ráðstafana vegna hættu á hagsmunaárekstrum meti það aðstæður svo að ekki sé þörf á aðskilnaði. Bent er á að telji rekstrarfélag ekki hættu á hagsmunaárekstrum ber það sönnunarbyrðina fyrir því.

Sjóðastýring	Eignastýring
--------------	--------------

- 3.8. Miðað hefur verið við að lágmarksfjöldi starfsmanna rekstrarfélags fari eftir starfsheimildum viðkomandi félags. Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að rekstrarfélag sem er með heimild til sjóðastýringar og eignastýringar hafi að lágmarki fimm starfsmenn. Gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn sinni sjóðastýringu, tveir starfsmenn starfi í eignastýringu og einn forstöðumaður/framkvæmdastjóri sé yfir einingunni allri. Ástæðan er sú að aðilar innan hvers sviðs þurfa að geta leyst hvern annan af, svo ekki þurfi að koma til þess að starfsmenn fari á milli starfssviða.

4. Regluvarsla

- 4.1. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007 skal fjármálafyrirtæki koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu. Eitt af hlutverkum regluvörslu er að fylgjast með og meta reglulega þær stefnur og ferla sem gerðir hafa verið í þeim tilgangi að meta hvort hætta sé á að misbrestir verði á því hjá fjármálafyrirtækinu að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Regluvörður hefur skyldum að gegna í þeim efnum, líkt og kemur fram í kafla 3.1.5 í tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.
- 4.2. Regluvarsla hefur almennt eftirlit með hagsmunaárekstrum og skráningu tilvika þar sem skapast hefur hætta á hagsmunaárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækis, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Þar af leiðandi má ætla að regluvörður hafi

skyldum að gegna þegar kemur að aðskilnaði starfssviða þar sem það fellur undir eftirlit með hagsmunaárekstrum. Regluvarsla á að hafa yfirsýn yfir mögulega hagsmunaárekstra og aðstoða og/eða veita ráðgjöf við skilgreiningu þeirra. Þá á regluvarsla að hafa eftirlit með að brugðist sé við ef upp koma hagsmunaárekstrar sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram. Af þeim sökum er aðgengi regluvörslu að rauntímaupplýsingum og fundum mikilvægt. Regluvarsla á að hafa eftirlit með því að stefna gegn hagsmunaárekstrum sé endurskoðuð og uppfærð reglulega. Þannig á stefnan ávallt að taka mið af starfsemi og þjónustu sem er í boði hjá fjármálafyrirtæki á hverjum tíma. Regluvarsla á að hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns ef við á. Regluvarsla hefur því mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að greiningu á nauðsynlegum aðskilnaði starfssviða. Nánari umfjöllun um vald og úrræði regluvörslu er að finna í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitinu, 28. maí 2014

Unnur Gunnarsdóttir

Heiða B. Jósefsdóttir